

Mánudaginn 28. júnimánaðar.

Nr. 13/1897:

Rjettvísinn

gegn

Einari Einarssyni, Guðmundi Einarssyni og Guðna Einarssyni.

## D ó m u r :

Með aukarjettardómi Árnassýslu uppkveðnum 9. desembr. f. ár voru hinir ákærðu Einar bóndi Einarsson og synir hans Guðmundur bóndi Einarsson og Guðni Einarsson dæmdir til refsingar þannig: Einar í 18 mánaða betrunarhúsvinnu eptir 250. gr., 255. gr. og 240. gr., sbr. við 55. gr. og 48. gr. og með hliðsjón 58. gr. og 63. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869; svo og í 10 kr. sekt samkv. tilsk. 26. maí 1863, 11. gr., er renni að helmingi til hlutadeigandi sveitarsjóðs og að helmingi til hreppstjóra; Guðmundur í 10 mánaða betrunarhúsvinnu samkv. 255. gr., 250. gr. og 240. gr. sbr. við 55. gr. og 48. gr. og með hliðsjón af 63. gr. hegningarlaganna; og Guðni í 18 mánaða betrunarhúsvinnu samkv. 250. gr. og 255. gr., sbr. að nokkru leyti við 38. gr., 231. gr. 1. lið, 48. gr. og 55. gr. og með hliðsjón af 58. gr. og 63. gr. hegningarlaganna; svo eru þeir og dæmdir til að greiða allan kostnað málsins í hjeradi, þar með talin málsvarnarlaun, 12 kr., þannig, að Einar og Guðni eiga að greiða  $\frac{2}{3}$  hluta kostnadarins in solidum og Guðmundur og Guðni  $\frac{1}{3}$  hluta sömu leiðis in solidum; iðgjöld voru eigi dæmd í málinu.

Dómi þessum, sem hinir dómfelldu fyrir sitt leyti hafa viljað una við, hefur verið skotið til yfir-dómsins af hálfu valdstjórnarinnar.

Samkvæmt skýrslum málsins, sjerstaklega játningu og framburði hinna ákærðu sjálfra, eru þeir sakaðir fyrir og sannir að sök um eptir-nefnda glæpi.

Einar Einarsson.

Hinn ákærði, sem um mörg undanfarin ár hefur búið á Gíslastöðum í Grímsnesi og þar er synir hans, hinir meðákærðu, hafa verið hjá honum, þangað til Guðmundur flutti að Hesti vorið 1895, hefur kannast við það, og styðst sú játning hans við aðrar skýrslur málsins, að hann hefur haustið 1889 tekið úr fje sínu heimildarlaust hvítan sauð tvævetran, sem Árni nokkur Eiríksson átti, slátrað sauðnum og hagnýtt sjer hann. Hafði sauðurinn af hendingu eða sjálfkrafa komið saman við fje ákærða. Sama haustið tók hann enn fremur ófrjálstri hendi úr fje sínu á kvíunum 3 gymbrar veturgamlar, sem aðrir áttu, kastaði eign sinni á þær, og hagnýtti sjer þær; höfðu þær af hendingu komið saman við kvífje hans. Haustið 1890 tók hann ennfremur úr kvífje sínu veturgamla gymbur, sem hann átti ekki, skar hana og hagnýtti sjer; hafði hún og af tilviljun komið saman við kvífjed. Það er eigi upplýst, hverjir hafi átt þessar 4 gymbrar. Sumarið 1892 á slætti hjálpaði hinn ákærði meðákærða Guðna syni sínum að slátra hvítri gymbur veturgamalli, annars manns eign, sem Guðni tók úr kvíunum með sam-

þykki ákærða og runnu afurðir hennar inn í bú ákærða. Hinn ákærði vissi ekki, hver átti kind þessa, en vissi að hún var ófrjáls. Gymbrin virðist hafa komið af tilviljun saman við kvífje ákærða. Haustið 1893 tók ákærði úr fje sínu, sem þá var inni í rjett, tvævetran sauð hvítan, sem hann eigi vissi hver átti, skar sauðinn og hagnýtti sjer afurðir hans. Virðist sauðurinn hafa komið af tilviljun saman við fje ákærða. Sumarið áður (1893) hafði svarthöfðött geldingslamb komið saman við fje ákærða; þetta lamb rak hann ekki til skilarjettar um haustið, en hirti það með sínu fje, og er fram á veturinn leið, markaði hann það undir mark sitt og kastaði eign sinni á það. Hann vissi eigi, hver var eigandi þess. Haustið 1895 var ákærði í verki með Guðna syni sínum að uppmarka 3 lömb, sem þeir eigi vissu, hverjir áttu. Lömbin tóku þeir úr úrgangskindum, er geymdar voru í fjárhúsi á Gíslastöðum og ganga áttu til skilarjettar daginn eptir. Varð það að samkomulagi milli þeirra, að ákærði skyldi kasta eign sinni á lömbin og markaði Guðni þau undir mark hans; slepptu þeir síðan lömbunum; eitt af lömbum þessum var síðar skorið á heimili ákærða og runnu afurðirnar inn í bú hans. Þá skáru þeir og annað lamb, sem Guðni hafði að ófrjálsu markað undir mark sitt, og hagnýtti ákærði sjer afurðir þess, þótt honum væri kunnugt um það, að lambið væri Guðna ófrjálst. — Vorið 1894 leyfði ákærði Markúsi nokkrum Markússyni að kalla sig

vinnumann hjá ákærða, þótt hann væri það ekki, um vistárið 1894—95, samdi til málamynda við hann um kaupgjaldsupphæð, og hjálpaði Markúsi þannig til að vera í óleyfðri og ólöglegri lausamennsku nefnt ár. Að visu hefur skýrsla Markúsar eigi verið fengin um þetta atvik, því að hann andaðist 13. maí f. á., en ákærði hefur hikaust kannast við það, að hann hafi á þennan hátt brotið gegn tilsk. um lausamenn og húsmenn 26. maí 1863.

Með eigin játningu hins ákærða, Guðmundar Einarssonar bónda á Hesti, svo og öðrum skýrslum í málinu er það nægilega sannað, að hann hafi haustið 1889 eða 1890 ásamt meðákærða Guðna bróður sínum markað sjer 2 lömb, sem hann ekki átti, en lömbin tók hann úr óskilafje, sem var inni í fjárhúsi á heimili hans Gíslastöðum og skyldi geymast þar til næsta dags, en þá átti að reka fjeð til skilarjettar. Hann stakk upp á því við Guðna bróður sinn, að þeir skyldu marka lömbin upp og hjálpuðust þeir síðan að að gjöra það og mörkuðu þau undir mark Guðmundar, því að Guðni átti ekkert mark, en lömbunum skiptu þeir með sjer, þannig að hvor þeirra fjekk sitt. Ekki veit ákærði, hver átti þessi lömb, en þau drápuðst bæði skömmu síðar. — Haustið næst á eptir 1890 eða 1891 segir ákærði, að þeir bræður, hann og Guðni, hafi enn fremur heimildarlaust markað undir sitt mark og kastað eign sinni á 2 lömb, sem voru ásamt öðru óskilafje í fjárhúsi á Gíslastöðum, en fje þetta átti að ganga til skilarjettar daginn

eptir. Ekki vissu þeir, hver átti lömbin; lömbunum skiptu þeir á milli sín, þannig að hvor fjekk sitt. Að vísu hefur Guðni eigi viljað kannast við eða minnast þess, að hann hafi verið með í þessum verknaði, en játning Guðmundar er hiklaus og ótvíræð, að því er hans verknað snertir. Haustið 1893 markaði Guðmundur að ófrjálsu undir mark sitt og kastaði eign sinni á hvítan lambhrút, sem hann ekki vissi hver átti, en meðákærði Guðni bróðir hans kom með hann ásamt öðru rekstrarfje úr Klausturhólarjettum, og var fje þetta látið inn í hús á Gislástöðum til geymslu. Guðni sagði þá Guðmundi frá því, að ókunnugur lambhrútur hvítur hefði slæðzt með fjenu og stakk upp á því við hann, að þeir skyldu uppmarka hann og það gjörði Guðmundur síðan með aðstod Guðna og sló eign sinni á lambið. Hinn ákærði hefur ennfremur kannast við það, að hann hafi ennfremur fengið nokkrar kindur hjá Guðna bróður sínum fyrir lítið eða ekkert endurgjald, sem hann hafði grunum og jafnvel vissi, að voru Guðna ófrjálsar, nefnilega veturgamlan sauð vorid 1895 fyrir 3 kr., geldingslamb haustið 1894 fyrir 1 kr., hvítan sauðveturinn 18<sup>93</sup>/<sub>94</sub>, hvítan lambgelding haustið 1893 og haustið 1895 skar hann 4 vetra gamlan sauð, sem hann hafði fengið hjá Guðna fyrir aðra kind og vissi hann þó, að sauðurinn var Guðna ófrjáls.

Hinn ákærði Guðni Einarsson er með eigin játningu og öðrum skýrslum í málinu orðinn sannur að sök um, að hann hafi í heimildarleysi tekið ull af annara manna fje, afmarkað, kastað eign sinni

á og villt heimildir á annara manna sauðkindum, og enn fremur átt hlutdeild í sumum glæpum hinna meðákærðu, föður síns og bróður. Í þessu efni er það upplýst, að hann hafi vorið 1891 tekið ull af hvítum sauð, sem hann ekki vissi hver átti; gjörði hann það í rjettinni á Gíslastöðum, en þangað rak hann kindina heim til rúnings; ullina setti hann saman við sína ull og hagnýtti sjer. Vorið 1892 eða 1893 rúði ákærði á sama hátt kind frá Vatnsnesi, en tók þó eigi allt reyfið af henni. Sama vorið rúði hann enn á sama stað sauð hvítan frá Arnarbæli og hirti ullina. Vorið 1895 rúði hann hvítan sauð, sem hann ekki vissi hver átti, og auk þess tók hann nokkra ull af sauð frá Klausturhólum. Kindur þessar tók hann í Gíslastadarhögunum, rak þær heim í rjett og rúði þær þar. Haustið 1889 eða 1890 var hann í verki með Guðmundi bróður sínum að afmarka tvö lömb, og kastaði hann eign sinni á annað þeirra, eins og áður er frá skýrt. Á slætti sumarið 1892 tók hann með ráði og aðstoð föður síns veturgamla gymbur í kvíunum á Gíslastöðum, og slátradi henni, en kindin var annars manns eign; runnu afurðirnar inn í bú föður hans, og er þessa getið áður. — Svo hefur ákærði Guðni kannast við að hann hafi sama haustið 1892 afmarkað og slegið eign sinni á 9 lömb og einn sauð veturgamlan. Lömbin tók hann í Gíslastadafjenu í högunum þar, og vissi hann eigi, hverra eign þau voru. Sauðinn dró hann í Klausturhólarjett saman við Gíslastadafjed í þeim tilgangi, að kasta

eign sinni á hann og lagði hann mark Guðmundar bróður síns á hann, og segist hann síðar hafa látið Guðmund fá hann í skiptum fyrir aðra kind. Það er eigi upplýst, hver hafi átt sauginu. — Haustið 1893 hvatti ákærði Guðmund bróður sinn til að uppmarka lambhrút, vísaði honum á hann og hjálpaði honum til að afmarka hann, eins og áður er getið. Sama haustið var hann í verki með föður sínum og hjálpaði honum að slátra tvævetrum sauð, annars manns eign, er faðir hans tók í rjettinni á Gíslastöðum og kastaði eign sinni á. Er þessa og áður getið. Þetta sama haust uppmarkaði hann í heimildarleysi 7 lömb, sem aðrir áttu, og kastaði eign sinni á þau. 6 af lömbum þessum voru saman við Gíslastadafjæð í heimahögum þar, er hann tók þau til afmörkunar, en 1 lambið tók hann úr úrgangsfjenuði, er geymdur var í fjárhúsi á Gíslastöðum. Um eigendur lambanna hefur ekkert orðið upplýst. — Haustið 1894 uppmarkaði ákærði og kastaði eign sinni á 6 lömb, er voru annara eign; tók hann þau öll í Gíslastadafjenu, er þau höfðu komið saman við, og markaði þau í rjettinni á Gíslastöðum. Það er eigi upplýst, hverjir áttu þessi lömb. — Haustið 1895 var Guðni í verki með föður sínum að uppmarka 3 lömb, sem þeir tóku úr úrgangskindum, er voru inni í fjárhúsi á Gíslastöðum, og er þessa áður getið. Guðni markaði lömb þessi undir mark föður síns. Þetta haust afmarkaði hann sjer enn fremur heimildarlaust 2 lömb, sem hann fann í Gíslastadalandi í fje föður síns, en sem aðrir menn

áttu; öðru lambinu hefur verið skilað til eigandans, en um eiganda að hinu er óvíst. Þá tók hann þetta haust hvíta á veturgamla, sem var annars manns eign, er hann fann í Gíslastaðafjenu í högunum þar, slátradi henni og runnu afurðirnar inn í bú föður hans. Þá tók hann og úrfjenu í Gíslastaðarjett hvítt gymbrarlamb, annars manns eign og markaði það heimildarlaust undir mark sitt. Um eigendur að þessum kindum er óupplýst. — Þar sem hinn ákærði Guðni Einarsson hefur skýrt frá því að hann hafi fyrir nokkrum árum í Reykjarjettum fundið nýsilfurbúna svipu á sandinum fyrir framan rjettina, og að hann hafi eigi lýst þessari svipu, þá verður að fallast á það að hjeradsdómarinn hefur ekki dæmt hann til refsingar fyrir þetta athæfi hans, með því að það verður eigi álitid að hann hafi ætlað að kasta eign sinni á svipuna, eptir því sem hann hefur frá skýrt og hann hefur eigi farið leynt með hana eða dregið dul á fund sinn, þó að hann hafi eigi beinlínis lýst henni á venjulegan hátt. — Enginn hinna ákærðu hefur áður sætt refsingu eða verið dæmdur fyrir nokkurn glæp og allir eru þeir komnir yfir lögaldur sakamanna. Einar Einarsson er fæddur 5. sept. 1835, Guðmundur Einarsson 29. febr. 1868 og Guðni Einarsson 5. maí 1874. — Afbrot Einars Einarssonar heyra undir 250. gr. að nokkru leyti, sbr. við 48. gr. og 255. gr., sbr. 48. gr. og 240. gr. almennra hegningarlaga og þykir refsingin fyrir hann hæfilega metin, með hliðsjón af 58. gr. og 63. gr. sömu laga, 12



mánaða betrunarhúsvinna. Auk þess á hann að greiða sekt fyrir hilmingu með óleyfðri lausamennsku samkv. tilsk. 26. maí 1863, og þykir sektin hæfilega metin af hjeradsdómaranum 10 kr., er renni að hálfu í sveitarsjóð Grímsnesshrepps og að hálfu til hreppstjóra þar, og ber því að staðfesta hjeradsrjettardóminn að þessu leyti. Afbrot Guðmundar Einarssonar heyrir undir 255. gr. sbr. að nokkru leyti við 48. gr. og 55. gr., og 240. gr. almennra hegningarlaga, og þykir refsingin fyrir hann, með hliðsjón af 58. gr. og 63. gr., hæfilega metin 8 mánaða betrunarhúsvinna.

Afbrot Guðna Einarssonar heyra undir 230. gr., 231. gr. 1. másl., 250. gr., sbr. 48. gr., 255. gr., sbr. 48. gr. og 55. gr., og þykir refsingin fyrir hann hæfilega metin, að nokkru leyti með tilliti til 38. gr. og með hliðsjón af 58. gr. og 63. gr., 18 mánaða betrunarhúsvinna. — Málskostnaðarákvæði undirrjettardómsins staðfestast. Um iðgjöld verður eigi dæmt, með því að þeirra hefur eigi verið krafizt. — Hinir ákærðu greiði og allan áfrýjunarkostnað málsins in solidum, þar með talin málflytninguþlaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, er ákveðast 12 kr. til hvors. — Það vottast, að rekstur málsins í hjeradi hefur verið vítalaus og málsfærslan við yfirdóminn lög-mæt.

· Þ v i d æ m i s t r j e t t v e r a :

Ákærði Einar Einarsson sæti 12 — tólf — mánaða betrunarhúsvinnu og greiði 10 kr.

sekt, er renni að hálfu í fátækra sjóð Gríms-  
neshrepps og að hálfu til hreppstjóra þar.  
Ákærði Guðmundur Einarsson sæti 8 mán-  
aða betrunarhúsvinnu. Ákærði Guðni Ein-  
arsson sæti 18 mánaða betrunarhúsvinnu.  
Um málskostnað í hjerði sje undirrjettar-  
dómurinn óraskaður. Hinir ákærðu greiði og  
in solidum allan áfrýjunarkostnað málsins,  
þar með talin málfutningslaun til sækjanda  
og verjanda fyrir yfirdómi, cand. jur. Hann-  
esar Thorsteinson og yfirrjettarmálaærslu-  
manns Gísla Ísleifssonar, 12 kr. til hvors.  
Sektin greiðist innan 8 vikna frá löglegri  
birtingu dóms þessa, og skal honum að öðru  
leyti fullnægt með aðför að lögum.

Nr. 35/1896:

Skapti Jósefsson  
gegn

Þórarni Guðmundssyni.

#### Dómur:

Hinn 22. júlí f. á. ljet hinn stefndi verzlun-  
arstjóri Þórarinn Guðmundsson á Seyðisfirði stefnu-  
vottana birta áfrýjandanum Skapta ritstjóra Jó-  
sefssyni á Seyðisfirði skjal dags. 16. s. m. þess  
efnis, að áfrýjandinn hefði fyrir vangreiðslu á  
leigu eptir hús það á Seyðisfirði, er hann hafði i-  
búð og prentsmíðu í og sem stefndi átti, svo  
kallað RekDAHshús, fyrirgjört öllum rjetti til að  
vera lengur í húsi þessu, og krafðist stefndi því